

**Aðalfundur í stjórn Minjasafns Austurlands í fundarherbergi ME fimmtudaginn
30. apríl 2015 kl. 16.**

**Mættar eru Marianna Jóhannsdóttir, Kristjana Björnsdóttir, Gunnhildur
Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar ásamt Unni
Birnu safnstjóra.**

Margrét Dögg ritaði fundargerð.

1. Skýrsla safnstjóra um starfsemi safnsins árið 2014

Unnur Birna fer yfir skýrslu sína um starfsemina á árinu 2014. Geymslumál voru í ólestri í upphafi árs 2014 en í lok ársins var búið að leysa þau. Fékkst húsnæði í áhaldahúsi Fljótaldshérað ásamt því að fá geymslu í bragganum við Sláturhúsið. Grunnkýningin var tekin niður til að setja upp nýja sýningu. Á árinu 2014 var unnið að efnis- og textagerð ásamt hönnun. Ábúendur á Litla-Bakka tóku yfir ábyrgð og eignarhald á Geirsstaðakirkju svonefndri. Skuld safnsins við Fljótaldshérað var greidd niður og safnið því skuldlaust. Daglegur rekstur gekk sinn vanagang. Safnstjóri tiltekur þetta frekar í sinni ársskýrslu sem verður aðgengileg á heimasíðu safnsins.

2. Ársreikningur 2014

Marianna og Unnur Birna fóru yfir ársreikning safnsins fyrir árið 2014. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2014 að fjárhæð 6,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 132,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársreikningur samþykktur samhljóða með handauppréttingu.

3. Kjör endurskoðenda

Formaður leggur til að KPMG verði áfram endurskoðandi. Handaupprétting, samþykkt með 4 atkvæðum. Kristjana vakti athygli á hugsanlegu vanhæfi. Við samþykkt vék hún af fundi.

4. Ráðning safnstjóra Minjasafns Austurland

Tíu umsóknir bárust um starfið. Stjórn hafði metið tvo umsækjendur hæfasta. Stjórn samþykkti einróma að ganga til samninga við Elsu Guðnýju Björgvinsdóttur. Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningnum.

5. Önnur mál

Uppsetning nýju sýningarinnar gengur samkvæmt áætlun.
Formanni falið að hafa samband við umsækjendur um starf safnstjóra og tilkynna þeim um niðurstöðu.

Samþykkt að halda næsta stjórnarfund undir mánaðarmót maí/júní.

Fundargerð ritaði Margrét Dögg.

Fundi slitið 17:15